
Gaukurinn

Fréttabréf
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



2. Árg. 1 tbl. febrúar 2022

Íbúafundur vegna Hvammsvirkjunar

Haldinn verður íbúafundur í félagsheimilinu Árnasi **þriðjudaginn 8. mars kl. 20.**

Á fundinum mun Landsvirkjun kynna starfsemi sína á þjórsársvæðinu og áform um Hvammsvirkjun.

Á fundinum verða fulltrúar Landsvirkjunar og sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Fundarstjóri verður Sigurður Loftsson.

Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geta sent spurningar varðandi virkjunina, framkvæmd hennar og annað sem brennur á fólki, inn á netfangið skrifstofa@skeidgnup.is fyrir miðvikudaginn 2. mars.

Gaukurinn – rafrænt fréttabréf Skeiða – og Gnúpverjahrepps

Ábyrgðarmaður: Sýlvía Karen Heimisdóttir

Umsjón: Hrönn Jónsdóttir

Rekstur fjallaskála á Gnúpverjafrétti til leigu

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps óskar eftir að koma rekstri fjallaskálanna þriggja á Gnúpverjafrétt; Tjarnarvers, Bjarnalækjarbotna og Gljúfurleitar, í leigu til næstu 5 ára. Áhugasamir skulu senda umsókn til sveitarstjóra í netfangið sylviakaren@skeidgnup.is fyrir föstudaginn 26. febrúar nk.



Bjarnalækjarbotnar



Tjarnarver – nýi svefnskálinn og gamla hestúsið. Sést glitta í gamla svefnskálann sem ekki er lengur á svæðinu.

Beitarstykki til leigu

Nokkur beitarstykki í eigu sveitarfélagsins eru laus til leigu. Um er að ræða beitarstykki í grennd við Árnes, Flatir og Löngudælaholt. Stykkinn eru misstór, frá u.þ.b. 2 - 6 ha. Frekari upplýsingar um stærðir, staðsetningu, ástand og leiguverð má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins.

Aðalfundur Landbótafélags Gnúpverja

Verður haldinn fimmtudagskvöldið 10. mars nk. kl. 20.30 í Árnesi. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf auk fræðsluerindis. Stjórn félagsins kynnir og leggur fyrir tillögu að breyttu skipulagi uppgræðslustarfs. Kaffi og kökur eftir fund.



Starfsmenn Strá ehf. við snjómokstur sem hefur verið óvenju mikill undanfarnar vikur

Heilsueflandi Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árlega stendur Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands fyrir Lífshlaupinu- „landskeppni í hreyfingu“ til að hvetja alla til aukinnar hreyfingar.

Gunnar, starfsmaður Heilsueflandi Uppsveita hefur undanfarin ár haldið utan um sérstaka keppni sveitarfélaganna í Uppsveitunum og taka allar helstu starfsstöðvar sveitarfélaganna þátt. Í Skeiða- og Gnúpverjahrepp taka Leikholt, Þjórskóli og Skrifstofan þátt.

Í Neslaug hefur verið boðið upp á heilsumorgna alla fimmtudagsmorgna í febrúar, þá er sundlaugin opin frá 6.50 – 10.00 – kjörið tækifæri til að synda smá eða slaka smá fyrir daginn. Ágætis mæting hefur verið á heilsumorgna og enn er einn eftir fyrir þá sem hafa áhuga.

Elin Moqvist er alltaf með sprikl í Brautarholti, þriðjudaga og fimmtudaga og nýverið byrjaði hún með Yin jóga líka. Mjög góð þátttaka hefur verið bæði í jóga og sprikl sem er frábært. Frekari upplýsingar um námskeiðin, verð og skráningu er hægt að fá hjá Elínu í síma: 8683006 eða netfanginu elinmoq@simnet.is

Viðmiðunarreglur um snjómokstur

-Brot úr viðmiðunarreglum sem samþykktar voru af sveitarstjórn 16.02.2022 -reglurnar í heild sinni má finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

Meginmarkmið varðandi snjómokstur og háلكuvarnir í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru að tryggja öryggi og færð fyrir skólaakstur þannig að börn komist í skólann á tilsettum tíma, að lágmarka óþægindi íbúa og fyrirtækja af völdum snjós og ís og greiða leið íbúa sem sækja vinnu og skóla.

Að mokstri og háلكuvörnum loknum skulu vegir vera ökufærir fyrir vetrarbúnar bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hætta af.

Mikilvægt er að þeim sem annast snjómokstur og háلكuvarnir í sveitarfélaginu sé sýnd tillitssemi við störf sín. Þeir leggja á sig mikla vinnu, oft við erfiðar aðstæður, við að halda akstur- og gönguleiðum í sveitarfélaginu greiðfærum.

Sveitarstjóri metur þörf á snjómokstri og háلكuvörnum í þéttbýli sem og dreifbýli í samráði við verktaka sem sinna snjómokstri í sveitarfélaginu.

Snjómokstur og háلكueyðing í þéttbýli er í höndum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Götur í þéttbýli og bílastæði við stofnanir sveitarfélagsins í þéttbýli eru mokaðar og háلكuvarðar eftir þörfum. Ekki eru mokaðar heimreiðar í þéttbýli, bílastæði við fyrirtæki né heimkeyrslur að lögbýlum sem eru innan þéttbýlis.

Heimreiðar í dreifbýli eru mokaðar virka daga þegar þörf er á. Sveitarstjóri metur þörf á snjómokstri á heimreiðum í samráði við verktaka.

Einungis eru mokaðar heimreiðar að þeim bæjum þar sem föst búseta er og viðkomandi íbúar eru með skráð lögheimili.

Sveitarfélagið annast ekki mokstur á bílastæðum við fyrirtæki í dreifbýli.

Loftslagsstefna og innleiðing heimsmarkmiða

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja SP í september 2015. Markmiðin eru 17 talsins með 169 undirmarkmiðum. Sum undirmarkmiðanna eiga ekki endilega við starfsemi sveitarfélags og sum má aðlaga til að þau eigi við. Sumum markmiðum má segja að sé náð nú þegar, sumum eigum við langt í land með að ná.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti síðastliðið haust að taka þátt í innleiðingu heimsmarkmiða og nýtur stuðnings Samband Íslenskra sveitarfélaga sem útbúið hefur mjög gagnlegan vef fyrir stofnanir og fyrirtæki til að kynna sína innleiðingu sem og verkfærakistu fyrir sveitarfélög að fara eftir við innleiðingu. Nú hefur farið fram létt greining á því hver staða sveitarfélagsins er gagnvart markmiðunum og samþykkti sveitarstjórn nú í byrjun febrúar að fara í heildræna innleiðingu á heimsmarkmiðunum – sem þýðir að tekið verður tillit til þeirra í öllu starfi sveitarfélagsins, stefnur þess og áætlanir þurfa að vinna markvisst að heimsmarkmiðum og fleira þess háttar. Fyrsta skrefið í þessari vinnu er loftslagsstefna, en sveitarfélagið er nú orðið skyldugt til að fylgjast með losun gróðurhúsalofttegunda af rekstri þess og setja sér markmið um samdrátt í losun. Sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu vinna að loftslagsstefnum sínum í einhverskonar samfloti, en aðal vinnan fer þó fram „heima hjá“ hverju sveitarfélagi fyrir sig, í bili.

Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistímaáætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna árið 2030.

Hér má sjá öll yfirmarkmiðin 17 en á heimasíðunni www.heimsmarkmidin.is má finna öll undirmarkmiðin, útskýringu á þeim og fleiri fróðleik um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



Nýverið kom upp bilun í dælum í hreinsistöð sveitarfélagsins í Brautarholti. Að því tilefni vill starfsfólk sveitarfélagsins biðja íbúa í um að hafa eftirfarandi í huga:

HUGSUM ÁÐUR EN VIÐ HENDUM

KLÓSETTIÐ ER EKKI RUSLAFATA.
STURTUM EKKI BLAUTPURRKUM OG
ÖÐRU RUSLI NIÐUR!



Klósettpappír



Blautpurkur



Dömubindi &
tíðatappar



Eyrnappinnar &
bómullarskífur



Hár &
tannþráður

